



Fundargerð

2. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 9:00 mánudaginn 16. nóvember 2020, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Umsögn til SASS um samning Atvinnumála- og nýsköpunarráðuneytis/SASS um Áfangastaðastofu.

Erindi Atvinnumála- og nýsköpunarráðuneytis/SASS um Áfangastaðastofu

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir ferlið fram að þessu og var búin að senda gögn á stjórn fyrir fundinn sem verða til umræðu. Framkvæmdastjóri fer einnig yfir minnisblaðið sem Markaðsstofan sendi á Atvinnumála- og nýsköpunarráðuneyti í byrjun október. Umræður fóru fram um fyrirliggjandi samningsdrög og framhaldið.

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands fagnar því að formleg vinna sé farin af stað við stofnun Áfangastaðastofu Suðurlands en telur mikilvægt að skipta þessu ferli upp í tvö þrep. Í fyrra þrepi verði undirrituð þríhliða viljayfirlýsing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Atvinnumála- og nýsköpunarráðuneytis og Markaðsstofu Suðurlands um að stofna Áfangastaðastofu Suðurlands. Þar verði framkvæmdaaðilum verkefna í landshlutanum (Markaðsstofu Suðurlands) og framkvæmdaaðila samningagerðar á vegum hins opinbera (Ferðamálastofu) falið að semja um hlutverk, verkefni og fjármagn í næsta þrepi. Stjórn Markaðsstofu Suðurlands telur gríðarlega mikilvægt að grunnfjármögnun starfseminnar sé tryggð. Nú þegar hafa sveitarfélög á Suðurlandi verið að leggja til fjármagn inn í starfsemi Markaðsstofu Suðurlands ásamt ferðaþjónustufyrirtækjum á svæðinu auk framlags frá hinu opinbera. Í ljósi stöðunnar í dag verður ekki mögulegt að falast eftir auknu fjármagni

frá sveitarfélögunum né fyrirtækjum í ferðaþjónustu svo ef bæta á við verkefni Markaðsstofu Suðurlands með stofnun Áfangastaðastofu Suðurlands þá þurfi það fjármagn að koma frá hinu opinbera. Ljóst er að greinin mun þurfa stuðning á næstu misserum til að endurreisn hennar gangi hratt fyrir sig þegar aðstæður leyfa og mun öflug ferðaþjónusta verða kjölfestan í endurreisn íslensks efnahagslífs á næstu árum.

Þá leggur stjórn til að minnisblað um tillögur að útfærslu á Áfangastaðastofu Suðurlands sem Markaðsstofan sendi ráðuneytinu í október verði lagt til grundvallar frekari umræðu um hlutverk og verkefni.

Opinn fundur um Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Framkvæmdastjóri segir frá að opinn fjarfundur um uppfærslu á áfangastaðaáætlun verður haldinn 25. nóvember nk. Tímasetning er ekki endanlega orðin staðfest en stjórn fær sent fundarboð með frekari upplýsingum.

Fundi slitið kl. 10.